



Fjölbrotaskóli Suðurlands  
Haustönn 2017

## RENN1MG05

### Rennismíði

<b>Kennari:</b>	<b>Sigurður Grímsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>SG</b>
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

**Áfangalýsing:** Nemendur kunna skil á vinnsluhætti rennibekkja (bor-og fræsivéla) og hafa fullkomið vald á öryggismálum og umhirðu spóntökuvéla. Nemendur öðlast nægilega færni til að leysa einföld verkefni í rennibekk innan 0,1 mm málvika.

**Þekkingarviðmið:** Þekking á mismunandi hlutum rennibekkja og tilgang þeirra. Stillingarmöguleika rennibekkjar fyrir mismunandi verk. Tilgang horna skerverkfæra. Helstu uppspenniaðferðir í rennibekk. Vinnslu með mismunandi gerðum stáls, t.d. hrað- og harðstál.

**Leikni/hæfniviðmið:** Nemandi geti valið réttan hjálpar- og uppspennibúnað. Reiknað út snúningshraða/skerhraða samkvæmt töflum. Fundið réttan snúningshraða/skerhraða fyrir mismunandi verk. Metið og valið rétt verkfæri við lausn verkefna. Skilgreint heiti horna skerverkfæra og stærðir þeirra fyrir mismunandi vinnslufni. Notað algengan uppspennibúnað. Slípað hnífstál og skrúfuskurðarstál. Skrúfuskorið í rennibekk með tappa og bakka. Skrúfuskorið öxul með skrúfuskurðarstáli.

**Námsefni:** Rennismíði 1 eftir Þorstein Guðlaugsson. Efni hjá kennara.

**Áætlun um yfirferð, verkefnaskil og námsmat:** Verkefni annar eru Skrúfuöxull og rær, Létthamar, Skaft á munnahamar, auk smærri verkefna. Verkefni annar gilda 60%, skrifleg verkefni gilda 20%, ástundun 10% og umgengni 10%.